Qualified Electronic Signature
FRIGG ÁRNADÓTTIR THORLACIUS
2024-03-07 09:40:05 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
HALLA MARGRÉT VIÐARSDÓTTIR
2024-03-07 11:16:50 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

Reykjavík, 7.3.2024
UST202311-331/F.T.
08.12.02

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 21. desember 2023 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í fyrirvaralausu eftirliti þann 30. nóvember 2023.

**Frávikið var eftirfarandi:**

- Gr. 1.1 í starfsleyfi með vísan í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV] skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út [sbr. þó 7.gr a og 8. gr.] Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann [skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 8. gr.]. Að auki skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Er því starfsemi innan lóðar á Laxabraut 19 óheimil. **Þann 17. janúar sendi rekstraraðili stofnuninni tilkynningu þess efnis að eldiskerin sem stóðu utan lóðar hafi verið fjarlægð, ásamt því að senda mynd af úrbótum.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur